

Póstkassi

Póstkassi er á Birkiholti og Furuholti en í hann setja börnin bréf sem þau útbúa heima í samvinnu við foreldra. Í bréfin skrifa þau, með aðstoð foreldra, frásögn af einhverju sem þau upplifa utan leikskólans og oft eru bréfin myndskreytt. Bréfin eru síðan lesin í samverustund og fær þá barnið að standa hjá kennara og sýna barnahópnum bréfið. Með þessu tengjum við saman heimili og skóla og barnið fær þjálfum í að koma fram fyrir hóp.